

ALÞINGISTÍÐINDI

ÚR UMRÆÐUM Á ALÞINGI 29. LÖGGJAFARÞING 1918 ÞINGLAUSNIR Í EFRI DEILD

Á 68. fundi í efri deild, miðvikudaginn 17. júlí,
kl. 1 miðdegis mælti forseti efri deildar,
Guðmundur Björnson:

„... En jeg skal geta þess, að þótt málin sjeu ekki ýkjamörg, þá hafa mörg þeirra verið mjög þýðingarmikil, já, svo þýðingarmikil, að önnur meiri hafa eigi áður legið fyrir Alþingi Íslendinga. Og ef það sannast, að þau stórmál, sem nú hafa verið til lykta leidd, reynist landi og lýð til þeirrar blessunar, sem til er ætlast, þá mun ekki verða horft í dagatöluna, sem þingið er búið að standa. Síður en svo. Jeg vænti þess og, að þetta þing beri einn ávöxt, sem lengi verði minst með gleði og verði landinu til góðs. En ef svo fer, sem vonandi verður, að lokið sje nú stjórnmalabaráttu vorri út á við fyrst um sinn, þá er betur farið en heima setið. Annars er það víst, að þótt Alþingi lánist að ráða fram úr mörgum erfiðleikum, þá hefir því ekki lánast að ráða fram úr öllum vanda. Í þessari tíð mega þingmenn aldrei hafa hugann af ættjörðu sinni. Og jeg veit, að þeir vilja taka undir þá ósk með mjer, að vjer megum ávalt reynast ættjörð vorri sannir synir, — ávalt reynast henni sem best.“



ALÞINGISTÍÐINDI

ÚR UMRÆÐUM Á ALÞINGI 29. LÖGGJAFARÞING 1918 ÞINGLAUSNIR Í SAMEINUÐU ÞINGI

Á 8. fundi í sameinuðu þingi, fimmtudaginn 18. júlí,
kl. 11:30 árdegis, mælti Jóhannes Jóhannesson,
forseti sameinaðs þings:


„Jeg skal nú ekki leggja neinn dóm á störf þingsins að þessu sinni, en býst við, að dómarnir, sem upp verða kveðnir um það, verði misjafnir. En jeg veit, að háttvirtir þingmenn hafa unnið að þeim með það fyrir augum að bjarga þjóðinni á þessum háskatímum. Þá vil jeg loks minnst á eitt mál, sem þingið hefir haft til meðferðar, en það er sambandsmálið. Stjórn Dana og þing hafa sýnt Íslandi það bróðurþel og þann sóma að senda hingað 4 fulltrúa til þess, með óbundnu umboði, að semja við stjórn Íslands og Alþingi, sem jafnrjettháa samningsaðilja, um samband landanna í framtíðinni. Til þessarar farar hafa Danir valið 4 af sínum vitrustu, víðsýnustu og hleypidómalausustu mönnum, enda er árangurinn af komu þeirra og samningaumleitunum orðinn sá, að þeir annars vegar og íslenska stjórnin og Alþingi hins vegar hafa orðið ásátt um frumvarp til sambandslaga milli Danmerkur og Íslands, sem gera má sjer bestu vonir um að báðar þjóðir fallist á, og er það verður að lögum, má vænta þess, að það verði báðum þjóðum til sóma og gagns, að ágreiningur sá, sem því miður svo oft hefir verið milli bræðraþjóðanna, hverfi úr sögunni, en bræðrapelið eflist og samvinnan aukist, til gagns og ánægju fyrir báðar þjóðir. Þetta þing er orðið hið lengsta, sem haldið hefir verið; það hefir nú staðið yfir síðan 10. apríl eða í 100 daga. En það er trú mín, að það muni og lengi í minnum haft, ekki vegna þess, hve lengi það stóð, heldur vegna hins, að það bar gæfu til að komast að niðurstöðu um stórmál það, sem jeg mintist á, að því er jeg treysti á viðunandi hátt. Jeg bið drottin að blessa störf þessa þings og að varðveita fósturjörðu vora á þessum mjög svo erfiðu háskatímum.“

ALÞINGISTÍÐINDI

ÚR UMRÆÐUM Á ALÞINGI 30. LÖGGJAFARÞING 1918

Úr framsöguræðu Jóns Magnússonar forsætisráðherra er hann mælti fyrir frumvarpi til dansk-íslenskra sambandslaga, þann 2. sept. 1918 í neðri deild Alþingis:

„Þetta frumvarp, sem bygt er á viðurkendum rjetti íslensku þjóðarinnar til þess að skipa öllum sínum málum eftir vild, felur í sjer fyrst og fremst staðfesting og viðurkenning sjálfstæðs fullvalda íslensks ríkis, í sambandi við Danmörku um sama konung. Samningur er auk þess gerður um einstök atriði, aðallega tvö, utanríkismál og gagnkvæmilegan rjett ríkisborgaranna í hvoru ríkjanna, en þessi samningur er uppsegjanlegur. Utanríkismálin íslensku fara Danir með í umboði voru, en hinu íslenska ríki er áskilinn rjettur til íhlutunar og eftir atvikum beint að fara með þessi mál sjálf. Úr öllum stjórnmaladeilum, sem staðið hafa milli Dana og Íslendinga um langan aldur, sker frumvarp þetta á svo glöggan hátt og með svo skýru orðalagi, sem frekast má verða, að minni hyggju, og það á þann hátt, að allar kröfur vorar eru teknar til greina, viðurkenning fullveldis með viðurkenning sjerstaks ríkis, sjerstakur ríkisborgararjettur, þjóðfáni, sambandið við ríkisráð Dana horfið, Ísland laust við hermál, en tilkynt ævarandi hlutleysi þess. Hæstarjett getum vjer stofnað hjá oss, er vjer óskum; en jeg skal ekki fara lengra út í efni frumvarpsins. ...“



ALÞINGISTÍÐINDI

ÚR UMRÆÐUM Á ALÞINGI 30. LÖGGJAFARÞING 1918 ÞINGLAUSNIR Í EFRI DEILD

Á 6. fundi í efri deild, mánudaginn 9. sept. 1918,
að lokinni dagskrá, mælti Guðmundur Björnson
forseti efri deildar:

„Þá er störfum þessarar háttvirtrar deildar lokið að þessu sinni og hafa ekki fleiri mál legið fyrir henni en þau tvö frumvörp, sem nú voru afgreidd. En það er sögulegur viðburður, að á þessu ári hafa tvö þing verið háð, hið lengsta, 100 daga þingið, og nú hið stysta, er sögur fara af. Hverjar afleiðingarnar verða fyrir þjóðina mun framtíðin sýna. En vjer þingmenn förum hjeðan í þeirri góðu trú og von, að það verði þjóðinni til heilla og blessunar.

Það kann að virðast af sumum, að í mikið sje ráðist af oss, svo fámennri þjóð, er vjer nú tökum að oss að ráða sjálfir öllum vorum málum. En sú var tíðin áður, að þessi litla þjóð hafði full forráð mála sinna, og þótt hún væri minni flestum þjóðum, var hún að sama skapi merkari. En síðan eru liðnar langar stundir, og margt hefir á dagana drifið. Hallæri og drepsóttir, eldur og ís hafa sótt á landið í sameiningu.

En það voru ekki mestu meinin.

Það var annað, sem kom þjóðinni á knje. Það var skorturinn á trú á sjálfa sig, von á framtíðina og kærleikanum til landsins. Það kom þjóðinni og sjálfstæði hennar á knje. En sjálfstæði hennar höfum vjer nú reist við aftur, og þá biðjum vjer þess, að hana megi aldrei skorta þetta þrent, trú á sjálfa sig, von á framtíðina og ást á landinu, því að það er víst, að sú þjóð, sem elskar land sitt, hún bíður ekki ósigur. Hennar vonir bregðast ekki.

Með þeim óskum, að hið nýja sjálfstæði verði þjóðinni heilladrýgra og endingarbetra en hið forna frelsi, skiljum vjer nú á þessu þingi, og vona jeg, að vjer hittumst heilir aftur. Óska jeg yður öllum góðrar heimferðar og segi þar með slitið störfum deildarinnar.“

ALÞINGISTÍÐINDI

ÚR UMRÆÐUM Á ALÞINGI 30. LÖGGJAFARÞING 1918 ÞINGLAUSNIR Í SAMEINUÐU ÞINGI

Á 4. fundi í sameinuðu þingi, þriðjudaginn 10. sept.,
kl. 1 miðdegis, mælti Jóhannes Jóhannesson
forseti sameinaðs þings:

„Þetta þing, hið stysta, sem haldið hefir verið — það hefir staðið í eina 9 daga — hefir ráðið til lykta fyrir sitt leyti hinu mikilvægasta máli, sem legið hefir fyrir Alþingi, sáttmálanum við sambandsríki vort, Danmörku, um það, að Ísland skuli vera viðurkent og auglýst frjálst og fullvalda ríki, ævarandi hlutlaust í ófriði og í konungsambandi einu við Danmörku. Þessi sáttmáli hefir af vorri hálfu, Íslendinga, verið samþykktur af yfirgnæfandi meiri hluta Alþingis og verður nú bráðlega borinn undir alþingiskjósendur í landinu til samþykktar eða synjunar.

Það er ósk og von þessa meiri hluta þingsins, að þjóðin taki sáttmálanum ekki lakar en þingið og að einnig yfirgnæfandi meiri hluti hennar gjaldi já-kvæði sitt við honum, að Ríkisþing Dana samþykki hann fyrir sitt leyti og að sameiginlegur konungur vor staðfesti hann. Það er innileg ósk og von vor allra, að hin íslenska þjóð kunni með fullveldi sitt að fara og að gæta þess, og að það megi reynast henni í framtíðinni öflug lyftistöng til sannra framfara, bæði í andlegum og veraldlegum efnum. Það gefi guð.“



ALÞINGISTÍÐINDI

ÚR UMRÆÐUM Á ALÞINGI 148. LÖGGJAFARÞING 2018 HÁTÍÐARFUNDUR Á ÞINGVÖLLUM

Á 82. fundi, miðvikudaginn 18. júlí, kl. 2 miðdegis,
úr ræðu forseta Alþingis, Steingríms J. Sigfússonar:

„Sambandslagasáttmálinn er ótvírætt stærsti áfanginn í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Endurreisn Alþingis 1845, stjórnarskráin 1874 með löggjafarvaldi til handa Alþingi, heimastjórnin 1904 með innlendum ráðherra og þingræði voru vissulega þýðingarmikil skref en Ísland var þó enn hluti af danska ríkinu. Með fullveldissamningnum, sem tók gildi 1. desember 1918, varð Ísland sérstakt ríki, konungsríki, með fullt vald yfir eigin málum og skipaði sér þannig í sveit fullvalda ríkja. Og til að árétta hversu mikilvæg tímamót þetta voru tóku dönsk stjórnvöld að sér, samkvæmt ákvæðum samningsins, að tilkynna öðrum ríkjum að Danmörk hefði viðurkennt Ísland sem fullvalda ríki.

Með fullveldissamningnum 1918 lýkur því eiginlegri sjálfstæðisbaráttu Íslendinga sem staðið hafði í 70 ár, eða frá því að Jón Sigurðsson birti grein sína Hugvekju til Íslendinga og lýsti þar rökum fyrir því að Íslendingar ættu að ráða sér sjálfir. Þó að mikill ljómi hvíli yfir lýðveldisstofnuninni 1944 er það samt svo að af uppsagnarákvæði sambandslaganna leiddi að lýðveldisstofnunin var í reynd fyrirsjáanlegur atburður, en fól ekki í sér stórvægileg pólitísk tíðindi með sama hætti og fullveldið. Með það í huga að fullveldi felur í sér óskorað sjálfstæði getum við því með réttu sagt að 1. desember sé hinn raunverulegi sjálfstæðisdagur íslensku þjóðarinnar.“



ALÞINGISTÍÐINDI

ÚR UMRÆÐUM Á ALÞINGI 148. LÖGGJAFARÞING 2018 HÁTÍÐARFUNDUR Á ÞINGVÖLLUM

Á 82. fundi, miðvikudaginn 18. júlí, kl. 2 miðdegis,
úr ræðu forsætisráðherra, Katrínar Jakobsdóttur:

„Það blés ekki byrlega fyrir þjóðinni það ár fyrir 100 árum þegar þjóðin varð fullvalda; Kötlugos, frostaveturinn mikli, spænska veikin, fátækt, kuldi og vosbúð, en þrátt fyrir þetta ástand var þjóðin samstiga um fullveldið. Síðan þá hefur fullveldið reynst þjóðinni aflgjafi í þeirri ótrúlegu sögu framfara og velsældar sem hefur einkennt íslenskt samfélag þessa undangengnu öld.

Hinar erfiðu aðstæður haustið 1918 þegar Ísland varð fullvalda ríki minna okkur á að miklu má áorka þó að ytri aðstæður séu ekki endilega hagfelldar. Saga fullveldisins einkennist af stórhug og framförum og sést í stofnun Háskóla Íslands, byggingu Landspítalans, uppbyggingu menningarstofnana, en ekki síður í baráttu fjöldahreyfinga, verkalýðshreyfingarinnar, kvennahreyfingarinnar sem hafa skilað sigrum sem hafa gjörbreytt samfélagi okkar til góðs. Almennatryggingar, fæðingarorlof og fleiri slíkir sigrar hafa stuðlað að jafnari kjörum fyrir okkur öll. Metnaður, barátta, samstaða þegar á þurfti; allt hefur þetta einkennt sögu fullveldisins og skilað okkur samfélagi sem er gjörólíkt íslensku samfélagi ársins 1918 hvað varðar efnahagslega velsæld og velferð, svo stórfelldar hafa breytingarnar orðið á skömmum tíma.“

